

MINNISBLAÐ
um ábyrgð stjórnarmanna (í Blindrafélaginu)

Til: Blindrafélagsins

Frá: Páli Rúnari M. Kristjánssyni hrl.

8. september 2017

Beiðni.

1. Hinn 5. september 2017 óskaði Blindrafélagið eftir að lögmaður félagsins, Páll Rúnar M. Kristjánsson hrl., tæki saman þær almennu reglur og sjónarmið sem gilda um ábyrgð stjórnarmanna Blindrafélagsins.
2. Eftirfarandi er almenn samantekt á þeim atriðum sem koma til skoðunar. Sjónarmiðin eru reifuð án tengsla við tiltekið mál. Ber að hafa í huga að neðangreint er í eðli sínu viðmið sem þarfnast nánari útfærslu í hverju tilviki fyrir sig. Af framangreindu leiðir einnig að engin sérstök niðurstaða er í minnisblaðinu heldur einungis reifun á helstu atriðum sem þarf að hafa í huga.

Helstu reglur og sjónarmið sem koma til skoðunar um ábyrgð stjórnarmanna.

3. Stjórn félags tekur ákvarðanir og fer með völd í nafni félagsins. Ákvarðanir stjórnar geta leitt til þess að einhverjir (félagið sjálft, einstaklingar eða lögaðilar) verða fyrir tjóni. Stjórnarmenn hafa trúnaðarskyldur gagnvart félaginu og þeir skulu reyna að koma félaginu undan fyrirsjáanlegum ógnum. Þannig getur verið jafnsaknæmt að gera ekkert (athafnaleysi) þegar upp kemur sú aðstaða að stjórn er rétt að grípa til aðgerða.
4. Rétt er þó að hafa í huga að það eitt að einhver verði fyrir tjóni þýðir ekki sjálfkrafa að stjórnin hafi misfarið með vald sitt. Þá þarf það heldur ekki sjálfkrafa að leiða til þess að stjórnin og/eða félagið beri ábyrgð á tjóni sem hlaust af háttsemi.
5. Þær reglur sem gilda um bótaábyrgð stjórnarmanna eru almennar reglur skaðabótaréttar, almennar reglur félagaréttar, samþykktir félagsins sjálfs og aðrar reglur félagsins (t.d. vinnureglur, siðareglur eða stjórnhættir stjórnar).¹ Í félagarétti er almennt litið svo á að markmið allra reglna sem gilda um félag sé fyrst og fremst að vernda og hámarka þá fjárhagslegu hagsmuni sem samofnir eru starfsemi félagsins. Í tilviki Blindrafélagsins er tekjuöflun vissulega mikilvæg en auk þess hefur félagið önnur markmið.
6. Bótaábyrgð stjórnarmanna fer eftir almennu skaðabótareglunni. Til þess að bótaábyrgð myndist þarf allt neðangreint að eiga við um háttsemi stjórnarmanna:
 - 1) þeir hafa valdið tjóni

¹ Umfjöllunin miðast við það sem kallast skaðabætur utan samninga, þ.e. tjón og mögulega bótaábyrgð sem á ekki stoð í samningi. Rétt er því að nefna að auk slíks tjóns getur reynt á tjón sem skapast vegna vanefnda á samningi (stundum kallað bætur innan samninga), t.d. ef stjórn ákveður að vanefna samning, greiða ekki samningskröfu o.s.frv. Slíkt tjón er annars eðlis og yrði í langflestum tilvikum sótt á félagið sjálft en ekki stjórnarmenn.

- 2) með saknæmri háttsemi (ásetningur eða gáleysi)
 - 3) með ólögmatum hætti (ekki samþykki, áhættutaka o.s.frv.)
 - 4) orsakatengsl þurfa að vera milli háttseminnar og tjónsins
 - 5) tjónið þarf að vera sennileg afleiðing af háttseminni
7. Í lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög eru sérstök skráð lagaákvæði sem eru í öllum aðalatriðum sambærileg framangreindri reglu.² Blindrafélagið er hvorki hlutafélag né einkahlutafélag heldur svokallað almennt félag. Engin skráð lagaregla mælir fyrir um ábyrgð stjórnarmanna í slíku félagi en stuðst yrði við framangreindar reglur eftir því sem við á, einkum almennu skaðabótaregluna. Helst reynir á hvort háttsemi hafi verið saknæm og verður nú fjallað nánar um helstu skilyrði fyrir því:
 8. Þegar metið er hvort háttsemi er saknæm er kannað hvort háttsemin var tekin af ásetningi eða gáleysi. Þegar ásetningur er til staðar hefur stjórnarmaður viljandi gert eitthvað (eða látið hjá líða að gera eitthvað). Mun oft reynir á það hvort háttsemi hafi verið framin í gáleysi, þ.e. hvort stjórnarmaður hafi valdið tjóni óvart / af vankunnáttu / af klaufaskap o.s.frv.
 9. Niðurstaða um það hvort háttsemi stjórnarmanns var gálaus miðast við það hvað góður og gegn stjórnarmaður (bonus pater) hefði átt að gera. Góður og gegn stjórnarmaður tekur ekki ákvarðanir óvart / af vankunnáttu o.s.frv. Í mörgum tilvikum er þó alls ekki ljóst hver var rétta háttsemin eða ákvörðunin hverju sinni og þá um leið hvaða háttsemi var röng og saknæm: Ef háttsemi er andstæð gildandi reglum (skráðum lögum, starfsreglum) og venjum er háttsemi almennt talin saknæm. Í öðrum tilvikum þarf að meta sérstaklega hvaða háttsemi var rétt og röng miðað við allar aðstæður og hvort gera mátti þá kröfu til stjórnarmannsins að taka rétta ákvörðun á sínum tíma.
 10. Hafa ber í huga að þegar háttsemin er skoðuð er það alltaf gert eftir á og varast ber að láta seinna til komna vitneskju villa um. Mat á háttseminni miðast við vitneskju stjórnarmanns á þeim tíma sem háttsemin átti sér stað (þ.e. ákvörðun var tekin, ráðstöfun gerð o.s.frv.) Ákvörðun getur oft reynst röng þegar fram líða stundir án þess að stjórnarmenn hafi átt eða mátt sjá það fyrir þegar ákvörðun var tekin (eða þegar stjórn hefði átt að taka ákvörðun en aðhafðist ekki). Stjórnarmenn teljast ekki hafa hegðað sér með saknæmum hætti ef seinna til komin atvik leiða til þess að ákvörðunin hefur í för með sér tjón. Háttsemi stjórnarmannsins er þannig borin saman við það sem rétt hefði verið að gera miðað við þær upplýsingar sem fyrir lágu á þeim tíma. Í mörgum tilvikum eru ákvarðanir byggðar á röngum upplýsingum og kemur þá til skoðunar hvort stjórnarmenn hafi mátt treysta þeim upplýsingum sem lagðar voru fyrir þá.
 11. Við sakarmatið skipta ýmis önnur atriði máli: Þekking stjórnarmanna á viðkomandi málefni, menntun, reynsla af sambærilegum málum, hversu flókið málið er, hvort byggt er á upplýsingum frá sérfræðingum, hvort stjórnarmenn eru í fullu starfi, hversu mikill tími er til þess að taka ákvörðun, laun fyrir stjórnarsetu geta skipt máli o.fl. Þá getur skipt máli hvort ákvörðun litast af hagsmunaárekstrum; stjórnarmenn tengjast þeim sem

² 134. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og 108. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög. Auk þess er vísað til ábyrgðar í ýmsum öðrum ákvæðum laganna og öðrum lögum: t.d. lögum um gjaldþrotaskipti o.fl.

ákvörðun varðar (skyldmenni, makar, vinir o.s.frv.) eða stjórnarmenn sjálfir hagnast beint og óbeint af ákvörðunum.³

12. Rétt er að taka fram að stjórnarmenn bera ekki sjálfkrafa sameiginlega ábyrgð á mistökum hvers annars heldur verður að sanna bótagrundvöll gagnvart hverjum og einum þeirra sérstaklega. Verður stöðu hvers og eins stjórnarmanns sérstaklega en þeir geta haft misjafna menntun, þekkingu, hagsmuni o.s.frv.
13. Röng ákvörðun leiðir ekki sjálfkrafa til bótaábyrgðar stjórnarmanna. Það er ómögulegt að stjórn taki alltaf réttar ákvarðanir, bæði viðskiptalegar og annars eðlis. Ef stjórnarmenn væru gerðir bótaábyrgir fyrir öllum ákvörðunum sem reynast rangar þá fengust fáir til þess að sinna stjórnarstörfum og þeir fáu myndu taka enn færri ákvarðanir. Hluti af starfi stjórnar er að taka ákvarðanir sem byggja á eigin dómgreind og sannfæringu. Það er svigrúm til þess að skjátlást innan marka laga og þess sem er forsvaranlegt. Ákvörðun sem reynist röng ætti almennt ekki að leiða til bótaábyrgðar ef stjórnarmenn tóku ákvörðun sem þeir töldu vera rétta og félaginu til góða og á grundvelli góðra röksemda.⁴ Viðurkennt er í íslenskum rétti að stjórnendum fyrirtækja sé upp að vissu marki heimilt að taka áhættu en erfitt er að segja í eitt skipti fyrir öll hversu langt það svigrúm nær. Taka skal fram að umfjöllun fræðimanna og dómstóla miðast ávallt við viðskiptaákvarðanir hlutafélaga og einkahlutafélaga en ekki almenn félög.⁵
14. Eins og áður segir snýst ágreiningurinn í flestum tilvikum einungis um það hvort háttsemi hafi verið saknæm. Sjaldnast reynir á orsakasamhengi, sennilega afleiðingu og ólögmati.⁶ Í einhverjum tilvikum er deilt um tjón, þ.e. hvort og þá hversu mikið tjón hlaust af háttsemi.⁷
15. Dómsmál gegn stjórnarmönnum almennra félaga eru ekki algeng. Stjórnarmenn Blindrafélagsins geta þó lent í því að reynt verði að gera þá ábyrga vegna ákvarðana sem teknar hafa verið fyrir hönd félagsins. Stjórnarmenn hafa ekkert val um það að neita að taka þátt í dómsmáli ákveði einhver að höfða slíkt mál. Stjórnarmenn geta þannig lent í því að þurfa að greiða bætur og málskostnað.⁸ Málskostnað fyrir eigin lögmann gæti jafnvel þurft að greiða þótt mál vinnist og niðurstaða dómstóla sé að engin bótaskyld háttsemi hafi átt sér stað (þá hefur málskostnaður milli aðila verið felldur niður). Stjórnarmenn í almennu félagi eru þannig nokkuð berskjaldaðir ákveði einhver að sækja mál gegn þeim og þarf þá ekki að skipta öllu máli hvort slíkt mál vinnst eða tapast.
16. Væntanlega er hægt að kaupa tryggingu fyrir stjórnarmenn félagsins ef vilji er til þess að halda þeim skaðlausum af stjórnarstörfum. Þá er rétt að benda á að í mörgum tilvikum þar sem máli yrði beint að stjórnarmönnum ættu þeir endurkröfu á Blindrafélagið vegna

³ Þá er rétt að geta þess að í nýlegum dómum hafa einstakir stjórnendur komist hjá refsingu vegna vanskila á gjöldum og skuldbindingum ef sannað þykir að þeir höfðu ekki þekkingu á og komu ekki að daglegum rekstri.

⁴ Í bandarískum félagarétti er svipuð regla kölluð „buisness judgement rule“. Reglan hefur ekki verið staðfest með afgerandi hætti í íslenskum rétti.

⁵ Sem dæmi um dóma sem fjalla um slík tilvik má nefna Hrd. 40/2003, Hrd. 350/2009 og Hrd. 55/2011.

⁶ Sjá þó t.d. Hrd. 175/2016.

⁷ Sjá t.d. Hrd. 350/2009.

⁸ Í mörgum tilvikum yrði þó mál frekar sótt gegn félaginu sjálfu á grundvelli vinnuveitandaábyrgðar. Sjá ítarlega umfjöllun um vinnuveitandaábyrgð í riti Eiríks Jónssonar og Viðars Más Matthíassonar Bótaréttur I Skaðabótaréttur, bls. 261 – 324.

kostnaðar sem hlýst af málinu. Leiðir sú niðurstaða af 2. málsl 2. mgr. 23. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 sem segir eftirfarandi: *Bætur, sem starfsmaður hefur greitt, getur hann krafð úr hendi vinnuveitanda að því marki sem bótaábyrgð hvílir endanlega á vinnuveitanda eftir 1. mgr.*⁹

17. Það er hins vegar ljóst að hægt er að sækja stjórnarmenn fyrir dómstólum alveg óháð því hvort að krafan sem gerð er á hendur þeim sé á endanum réttmæt. Að verjast í slíku máli er alltaf kostnaðarsamt og erfitt. Ekki er við því að búast að sá kostnaður sem þar er lagt út í endurheimtist nema að hluta við ákvörðun dómara um málskostnað jafnvel þó að mál vinnist að fullu.

Lokaorð.

18. Minnisblaði þessu er einungis ætlað að varpa ljósi á helstu reglur og sjónarmið án þess að fjalla ítarlega um einstök atriði. Hvert tilvik er einstakt og almennu reglurnar eru útfærðar með mismunandi hætti hverju sinni. Efni þessa minnisblaðs er eðli málsins samkvæmt byggt á núverandi réttarástandi sem kann að taka breytingum með nýjum dómum, lögum og/eða upplýsingum í einstöku tilviki. Undirritaður er að sjálfsögðu reiðubúinn að svara öllum spurningum og/eða fjalla nánar um einstök atriði verði eftir því óskað.

Reykjavík, 8. september 2017.
Málflutningsstofa Reykjavíkur | Reykjavik Legal

Páll Rúnar M. Kristjánsson, hrl. LL.M.

⁹ Hér má einnig vísa til *Bótaréttur I Skaðabótaréttur*, bls. 311-319.